

# STARFSLEYFI

## Skólphreinsistöð Hveragerðis

Skólphreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur, miðlungs

**Vorsabæ, fastanr. F2259408**

**810 Hveragerði**

kt. 650169 4849

Nafn og kt. rekstraraðila: **Hveragerðisbær, kt. 650169 4849**

Heimilisfang: **Breiðumörk 20, 810 Hveragerði**

**Útgáfudagur: 4. júlí 2022**

**Gildir til: 4. júlí 2034**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Hveragerðisbæ vegna skólphreinsistöðvar í Vorsabæ  
dags. 4. júlí 2022**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

### Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 4. júlí 2022



**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir skólphreinsistöð í Vorsabæ

**Hveragerðisbær**

kt. 650169 4849

**Breiðumörk 20, 810 Hveragerði**

## 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur skólphreinsistöðvar Hveragerðisbæjar í Vorsabæ og losun allt að 4.400 þe hreinsaðs skólps í yfirborðsvatn.

Um er að ræða þriggja þrepa skólphreinsistöð með virkri lífrænni hreinsun þar sem örverur brjóta niður næringarefni í skólpinu. Notast er við bæði loftháð og loftfirrt niðurbrot. Fastur ólífrænn úrgangur er síaður frá skopvatni í grófsíu, sandur er felldur niður í sandfelliker og fitu er fleytt ofan af í fituþró. Eftirhreinsun skólps fer fram í um 3.500 m<sup>2</sup> siturbeði sem samanstendur af um 300 m löngu malarfylltu skurðakerfi sem skólpvatnið seytlar um áður en það er losað í viðtaka. Viðtaki hreinsaðs skólpvatns er Varmá. Varmá og bakkar hennar eru undir hverfisvernd skv. gildandi aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og fellur undir viðmið fyrir viðkvæm svæði skv. II. viðauka A með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Þynningarsvæði vegna losunnar skólpvatns hefur verið skilgreint frá útrás hreinsivirkis og 200 metra niður með ánni. Útblástur frá hreinsistöðinni er hreinsaður með vothreinsibúnaði og lífrænni síu til að minnka lyktarmengun. Seyra sem til fellur við hreinsun skólps í stöðinni er úrvötnuð og kólkuð og nýtt til landgræðslu sem jarðvegsbætur eða sem áburður á yfirborð.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfiskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að knýja á um um úrbætur.